

**18. mál 2018. Tillaga að starfsreglum um breyting á starfsreglum um um prestssetur og aðrar fasteignir þjóðkirkjunnar nr. 950/2009, með síðari breytingum.**

1. gr.

1. mgr. 23. gr. starfsreglnanna orðast svo:

Prestur nýtur arðs af hlunnindatekjum prestsseturs, öðrum en tekjum af veiði í ám og vötnum. Presti skal greidd þóknun fyrir gæslu veiðihlunninda kirkjumálasjóðs sem nemur fjórum einingum á mánuði eins og hver eining var ákvörðuð prestum af kjararáði 17. desember 2017. Fjárhæð eininganna tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysliverðs. Ekki skal þó greiða hærri þóknun en sem nemur hlunnindatekjum viðkomandi prestsseturs.

2. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.